

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, iðnaðarsvæði, veitur og efnistökusvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 23. mars 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Breytt er legu Fljótsdalslínu 2 (jarðstrengs) frá stöðvarhúsi í Fljótsdal að Brattagerði og ljósleiðara sem liggur samhliða henni.
- Bætt er við iðnaðarsvæði (I15) við Brattagerði fyrir endabúnað jarðstrengs (Fljótsdalslínu 2).
- Bætt er við 6 nýjum efnistökusvæðum (E33-E38) auk þess sem eitt efnistökusvæði (E20) er tekið út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 23. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.